

109 — Brjef landshöfðingja til biskups um lán handa prestakalli. — Samkvæmt til-
27. maí. lögum yðar, herra biskup, í brjefi frá 15. þ. m. fellst jeg á, að presturinn á Bergsstöðum
í Húnavatnsprófastsdæmi fái 800 kr. embættislán úr landssjóði til þess að endurbyggja
og stækka kirkjuna þar á staðnum og með þeim skilyrðum, að greiddir verði fyrir fram
af tekjum þessa prestakalls 4% ársvextir af láninu, og að höfuðstóllinn endurborgist á
sama hátt með 50 kr. árlega frá því, að lánið er tekið og þar til því að fullu er lokið.

110 — Brjef landshöfðingja til póstmeistarans um ný póstmerki. — Með því að það
27. maí. hefir verið álitid haganlegt, að lönd þau, sem eru í allsherjar póstsambandinu, hefðu öll
sama lit á hverri um sig af hinum ýmsu póstmerkjategundum (20 a., 10 a., 5 a.) hefir af
íslenskum póstmerkjum verið búið til

5 aura	póstmerki	græn	að lit,
20 —	—	blá	— —
40 —	—	lifrauð	— —

en 10 — póstmerkjunum með rauða litnum er haldið óbreyttum.

Hin nefndu nýju póstmerki ber frá 1. júlí næstk. að nota sem burðareyri undir
póstsendingar milli Íslands og Danmerkur og milli Íslands og annara þeirra landa, sem
eru í allsherjar póstsambandinu. Þar á móti má fyrst um sinn nota hin gömlu 5 a.,
20 a., og 40 a. merki undir pótsendingar *innanlands*.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra póstmeistari, til þóknanlegr-
ar leiðbeiningar og ráðstafanar.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1880 og 1881 9. grein C. 4.
voru lagðar framfara og búnaðarfjelögunum á Akureyri 30 kr., Bægisársókn 110 kr. í Grýtubakkahreppi
130 kr., í Skútustaðahreppi 90 kr., í Fljótsdal 50 kr., í Breiðdal 25 kr., í Vopnafirði 80 kr., í Valla-
hreppi, viðbót við áðurfenginn styrk) 20 kr. alls 535 kr.
kynbótafjlagi Skagfirðinga 100 —
búnaðarsjóði norður- og austurumdæmisins 225 —

Samkvæmt fjárlögum fyrir árin 1882 og 1883

10. gr. C. 4.

voru samþykktar tillögur sýslunefndarinnar í Suðurmúlasýslu (sbr. landsh.br. 25. jan. 1882 B.5)
um, að lagðar verði til launa búfræðingi 1882. 320 kr.

Sira Páli í Þingmúla og Eyjólfi á Stúðum hvorum um sig 100 kr. vaxtalaust lán
til að hlada stíflugarða 200 —
og, tillögur sýslunefndanna í Norður og Suður Þingeyjarsýslu um að 220 kr. í fyrnefndu
sýslunni 550 kr. í síðarnefndu sýslunni verði varið til að launa ferða-búfræðingum.

10. gr. C. 5.

Til 7 fjallvega í norður- og austurumdæminu, sjá að framan
landshöfðingjabrjef 6. febr. 1882 (B. 15) 6150 kr.
enn fremur til framhalds vegagjörð á Grímsstunguheiði 1500 — 7650 kr.
Til sýsluvega í sama umdæmi (sjá sama brjef) 2500 — 10150 kr.
Til fjallvega í suðurumdæminu:
á Hellisheiði og Svinahrauni 2000 kr.
á Mosfellsheiði 1000 — 3000 —
Til sýsluvega á aðalpostleiðum í suðurumdæminu 2000 — 5000 —
Til fjallvega í Vesturumdæminu:
á Þorskafjarðarheiði 2000 kr.
á Bröttubrekku, Laxárdalsheiði og Haukadalsheiði 1000 — 3000 —
Til sýsluvega á aðalpostleiðum 1500 — 4500 —

Það var falið amtsráðum að skipta fje því, sem lagt var til sýsluvega með þeim skilyrðum,
sem tiltekin eru í fjárlögum, sbr. brjef landshöfðingja 6. febr. 1882 (B. 15).